



**Fundargerð 415. fundar í ÞVN
28. apríl 2015**

Fundur haldinn á skrifstofu þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 28. apríl 2015 kl. 11.30. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Haraldur Einarsson, Oddný G. Harðardóttir, Svandís Svavarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall. Fundinn sátu einnig Lilja Jónsdóttir frá Lex, Guðrún Kristinsdóttir yfirlandvörður og Árni Geirsson frá Alta, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hildur Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði;

1. Tekið fyrir uppbygging mannvirkja á Þingvöllum að beiðni Svandísar Svavarsdóttur. Formaður las yfir fundargerð síðasta fundar, þar sem m.a. staða varðandi stækkun á gestastofu á Hakinu var kynnt. Formaður lagði fram til kynningar drög að þingsályktunartillögu um skipulag og uppbyggingu á Þingvöllum ásamt bréfi frá forsætisráðuneyti dags. 27.04.2015 um samþykkt stækkunar á gestastofu á Hakinu. Einnig lagði formaður fram til kynningar áætlanir sem sendar voru forsætisráðuneyti um brýn verkefni til varnar náttúrunni fyrir árið 2015 og lista um verkefni til næstu 5 ára.

Fulltrúar Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Samfylkingar í þingvallanefnd leggja fram eftirfarandi bókun;

Fyrir í þessum mánuði lagði forsætisráðherra fram þingsályktunartillögu í ríkisstjórn um byggingu nýrrar Valhallar á Þingvöllum en slík áform eru ekki hluti af framtíðarsýn þingvallanefndar. Fulltrúar Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Samfylkingar í þingvallanefnd leggja áherslu á mikilvægi þess að stefnumótun þingvallanefndar sé virt og telja jafnframt að ekki sé viðunandi að forsætisráðherra leggi fram sérstakar tillögur eða varpi fram hugmyndum sem gangi þvert á þá stefnumótun.

Formaður þingvallanefndar leggur fram eftirfarandi bókun;

Endurskoðun á stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum var sett á laggirnar í desember 2014 og fyrirtækið Alta var fengið til verksins ásamt starfsmönnum þjóðgarðsins. Nefndin hefur á vinnuferlinu haft samráð og samstarf við fjölda aðila. Stefnumótunarvinnan er á lokastigi og á næsta fundi þingvallanefndar verða niðurstöður nefndarinnar kynntar. Eins og lesa má í fundargerðum þingvallanefndar

undangengin ár hefur aðaláhersla verið lögð á að uppbygging innviða þjóðgarðsins miði að því að taka myndarlega á móti meginstraumi ferðamanna/gesta á Hakinu. Staðsetning annara mannvirkja svo sem samkomusvæðis/svæða og húss/húsa niðri á Völlunum hefur ekki endanlega verið ákveðin. Meginlína varðandi framtíðarsýn um uppbyggingu í þjóðgarðinum var lögð á ágætum fundi með forsætisnefnd Alþingis í Þingvallabænum í júní árið 2014. Hugmyndir sem forsætisráðherra hefur sett fram varðandi nýja Valhöll falla að þeirri heildarsýn, sem þingvallanefnd hefur til umfjöllunar.

2. Stefnumótun þjóðgarðsins, endurskoðun. Kynning. Gestir Guðrún Kristinsdóttir, yfirlandvörður og Árni Geirsson, Alta.
Stutt kynning á stöðu mála vegna endurskoðunar á stefnumótun þjóðgarðsins.
Ákveðið að nefndarmenn fái drög að skýrslunni til umfjöllunar og ákvörðunar.
3. Gjaldskrá yfir stöðumæla sem settir verða upp.
Þjóðgarðsvörður fór yfir reglur sem Lilja Jónsdóttir lögfræðingur og lögfræðistofan Lex hafa samið fyrir þjóðgarðinn varðandi innheimtu á þjónustugjaldi.
Frestað til næsta fundar.
4. Viðgerð á vegi gegnum þjóðgarðinn í sumar. Erindi vegagerðarinnar 4.des.2014.
Þjóðgarðsvörður kynnti erindið.
5. Erindi um eignabreytingu á bústað innan fjölskyldu. Ákvörðun um forkaupsrétt.
Nefndinn fellur frá forkaupsrétti og samþykkir þessa skiptingu.
6. Ársreikningur 2014.
Farið yfir rekstrarafkomu ársins 2014.
7. Önnur mál.
Ekkert var undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00